

**Fundargerð 37. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
27. nóvember 2019 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

Elísabet Þórarinsdóttir, fjármálastjóri sat fundinn undir liðum 1 - 3.

1. Suðurnesjabær - fjárhagsáætlun 2020 - 1907045

Drög að fjárhagsáætlun Suðurnesjabæjar 2020-2023, ásamt drögum að þjónustugjaldskrá.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun til síðari umræðu í bæjarstjórn. Bæjarráð samþykkir að íbúafundur um fjárhagsáætlun fari fram mánudaginn 2. desember kl.18.00.

Bæjarráð telur að skoða verði fjárhagsstöðu Sandgerðishafnar sérstaklega í ljósi þess sem fram kemur í tillögum að fjárhagsáætlun ársins 2020. Bæjarstjóra er falið að gera tillögu að skipan starfshóps sem fer yfir stöðu og rekstur hafnarinnar og skilar tillögum til bæjarráðs í mars árið 2020. Tillaga bæjarstjóra að skipan hópsins verði lögð fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

2. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025

- a) Viðauki 14 - laun og tengd gjöld.
- b) Viðauki 15 - annar grunnskólakostnaður.
- c) Viðauki 16 - Sandgerðisskóli.
- d) Viðauki 17 - skrifstofa félagsþjónustu.

Afgreiðsla:

Viðaukar samþykktir og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

3. Rekstraryfirlit 2019 - 1908012

Rekstraryfirlit 01.01.2019 - 31.10.2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

4. Leikskólamáli - 1901013

Fundargerð 1. fundar stýrihóps um uppbyggingu nýs leikskóla í Suðurnesjabæ dags. 19.11. 2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

5. Þróun lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar - 1806379

Drög að samkomulagi um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Afgreiðsla:

Lagt fram og vísað til bæjarstjórnar til afgreiðslu.

6. Sandgerðishöfn bifreiðarmál - 1911086

Minnisblað frá hafnarstjóra Sandgerðishafnar, þar sem óskað er eftir heimild til að endurnýja bifreið fyrir starfsemi hafnarinnar.

Afgreiðsla:

Samþykkt að veita heimild, allt að kr. þremur milljónum, til kaupa á bifreið fyrir Sandgerðishöfn.

7. Forkaupsréttur fiskiskipa - 1903011

Borist hafa kauptilboð í fiskiskipið Von GK-113 með skipaskráningarnúmerið 2733. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða á sveitarfélagið forkaupsrétt við sölu skipanna. Skipið verður selt án aflaheimilda.

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir að Suðurnesjabær hafni forkaupsrétti sínum skv. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Fundi slitið kl. 19:40.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir

37. fundur bæjarráðs
28.11.2019